

✉ Re: 202207050 - Ósk um umsögn, frístundabyggð við Eiða

Búið til	17.2.2023 16:36:13
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	17.2.2023 16:36:12
Tilheyrir	📁 202301-0111 - Ósk um umsögn, frístundabyggð við Eiða

Efni

Re: 202207050 - Ósk um umsögn, frístundabyggð við Eiða

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	17.2.2023 16:36:12	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinarrottir@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202301-0111 (BK)

Vísað er til tölvubréfs frá umhverfis- og framkvæmdasviði Sveitarfélagsins Múlapings, dags. 20. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skipulags- og matslýsingu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir nýtt svæði undir frístundabyggð við Eiða.

Jörðin Eiðar er á austurbakka Lagarfljóts. Stór hluti jarðarinnar er skilgreindur í aðalskipulagi sem opið svæði til sérstakra nota með auðkenni O22, ætlað til útiveru og náttúruskoðunar. Landeigandi hefur í hyggju að afmarka þar um 160 lóðir fyrir frístundahús við Lagarfljót og Eiðavatn, til útleigu fyrir ferðafólk.

Líkt og fram kemur í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar er umrætt svæði hluti af Eiðagriðlandi sem einkennist af fjölbreyttu landslagi, vötnum, tjörnum, blám, skóglendi o.fl. Þá er náttúrefegurð sögð mikil, sérstaklega við Eiðavatn og þar í kring og svæðið því kjörið til útivistar. Umrætt land er einnig innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna

vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/utherad>). Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Tvær válistaplöntur hafa verið skráðar á þessum slóðum, það eru fjallkrækill og eggvíblaðka en ólíklegt er þó að sú fyrrnefnda finnist innan skipulagssvæðisins. Eggvíblaðka er hins vegar skráð í Eiðahólma og gæti vaxið víðar innan afmarkaðs frístundasvæðis.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) eru helstu vistgerðir á svæðinu birkiskógur, sem hefur hátt verndargildi, og starungsmýravist með mjög hátt verndargildi og það sama gildir um tjarnarstararflóavist sem einnig er þarna að finna (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016). Þessar vistgerðir er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Council of Europe 2019).

Á svæðinu er enn fremur mikið og fjölbreytt fuglalíf. Grágæs er þar mjög algeng og meðal annarra vatnafugla má nefna himbrima, lóm, flórgoða, álf, rauðhöfðaönd, skúfönd, stökkönd og urtönd. Rjúpa er einnig algeng sem og ýmsar spörfuglategundir. Oft má sjá skúm á veiðum og kría og ýmsir máfar sækja líka í Eiðavatn (Halldór W. Stefánsson, óbirt gögn). Þá má gera ráð fyrir háum þéttleika vaðfugla á votlendissvæðum milli kjarrásanna og í öðrum opnum búsvæðum.

Þrátt fyrir að nú þegar sé frístundabyggð við Eiðavatn þá felur fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi í sér ríflega tífoldun á fjölda frístundahúsa á svæði sem er að mestu óraskað og einkennist af verðmætum vistgerðum og ríku fuglalífi. Vandséð er hvernig þessum frístundahúsum, ásamt tilheyrandi veglagningu og öðrum innviðum, verður komið fyrir án umfangsmikillar röskunar. Þá má reikna með að auk búsvæðataps fugla muni stækkun byggðarinnar hafa í för með sér aukna truflun fyrir fuglalífið.

Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur til þess að umfang fyrirhugaðrar byggðar verði endurskoðað og taki mið af því hlífa sem stærstum, samfelldum svæðum við raski. Hafa ber í huga að 50 metra fjarlægð mannvirkja frá vatnsbakka er í raun alltof knappt til þess að tryggja viðunandi fuglavernd og ætti leitast til þess að hafa fjarlægðina nær 100 metrum. Þá þyrfti umhverfismat líka að ná til plöntutegunda í ljósi þess að á svæðinu eru skráðar tegundir sem eru á valista.

Samkvæmt fréttum í vikunni þá eru einnig uppi áform um golfvöll á Eiðum (<https://www.ruv.is/frettit/innlent/2023-02-13-mikil-uppbygging-a-eidum-sumarhusabyggd-golfvollur-og-stort-hotel>) (<https://www.ruv.is/frettit/innlent/2023-02-13-mikil-uppbygging-a-eidum-sumarhusabyggd-golfvollur-og-stort-hotel>). Taka þarf tillit til samlegðaráhrifa þessara framkvæmda þegar kemur að skipulagi svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Heimildir

Council of Europe 2019. Bern Convention: Emerald Network of Areas of Special Conservation Interest. www.coe.int/en/web/bern-convention/emerald-network (<http://www.coe.int/en/web/bern-convention/emerald-network>)

Náttúrumæskrá Helga Hallgrímssonar. Kortasjá Alta: <https://geo.alta.is/nms/> (<https://geo.alta.is/nms/>)
Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)

Bestu kveðjur

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<http://www.ni.is/>)

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>

To: "fjardabyggd@fjardabyggd.is" <fjardabyggd@fjardabyggd.is>; "Vegagerðin - VG"

<Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Puríður Elísa

Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI"

<Mottaka@ni.is>; "Rarik" <rarik@rarik.is>; "Aðalsteinn Þórhallsson" <ath@hef.is>; "Thorsteinn" <tbr@hef.is>

CC:

Subject: 202207050 - Ósk um umsögn, frístundabyggð við Eiða

Date: 20.1.2023 12:09:24

Góðan daginn,

í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með óskað eftir umsögn við skipulags- og matslýsingu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir nýtt svæði undir frístundabyggð við Eiða.

Greinargerð aðalskipulagsbreytingar, dagsett 11. janúar 2023, er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **17. febrúar 2023**.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is

(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2532cea17f5f4e1378cb08dafadf1a03%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638098133645519377%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=ailah0obtQfufnyd8%2BokqjC4Npt3YMsFY6X%2BLhKkKK8%3D&reserved=0>)

url=http%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2532cea17f5f4e1378cb08dafadf1a03%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638098133645519377%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=ailah0obtQfufnyd8%2BokqjC4Npt3YMsFY6X%2BLhKkKK8%3D&reserved=0)

Skilmálar varðandi tölvupósti

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2532cea17f5f4e1378cb08dafadf1a03%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638098133645519377%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=lgDQyStzZEua3TCcg%2BUZl%2FizhqtHAIXmSnijcuO9KD4%3D&reserved=0>)

url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2532cea17f5f4e1378cb08dafadf1a03%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638098133645519377%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=lgDQyStzZEua3TCcg%2BUZl%2FizhqtHAIXmSnijcuO9KD4%3D&reserved=0)